



TILMÆLI



norden

Norðurlandaráð

Tilmæli 16/2016

Fyrri númer:
A 1656/näring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Fylgiskjal/skjöl:
Nefndarálit um
þingmannatillögu um aukna
og sjálfbæra ferðaþjónustu á
Norðurlöndum

Málsnúmer: 15-00208-15

Samhæfing í löndunum um að laða fleiri gesti til Norðurlanda

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að fengnu norrænu samráði, að aðlaga umboðið til ferðamálastofa í löndunum þannig að þær í auknum mæli fái það sem hluta af hlutverki sínu í löndunum að samræma starfsemi sína og eiga norrænt samstarf til að laða fleiri gesti til Norðurlandanna. Í þessari aðlögun ber að taka inn ný árangursviðmið, sem hægt er að meta árangur ferðamálaráða landanna eftir.

Kaupmannahöfn, 10. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs